



Stjórnarfundur 2 fimmtudaginn 19. ágúst 2010 kl. 17.00 á skrifstofu BLÍ

Mætt.: Jason Ívarsson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl.

Afboð og mættu ekki: Stefán Jóhannesson, Kristján Geir Guðmundsson, Valdimar Hafsteinsson og Óskar Hauksson. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Dagskrá

- Mótamál
- Unglingalandsliðsmál U19 og U17
- Úrvinnsla og eftirstöðvar ársþings/útbreiðsla
- Erlend samskipti
- Önnur mál

Fundargerð

Mótamál

- Er að komast í farveg, ánægjulegt að Fylkir komi inn með karlaíð í efstu deild en félagið er þó í vandræðum með að manna kvennaliðið. Skýrist á allra næstu dögum með fjölda í efstu deild. Átta lið verða í 2. deild kvenna suður og 6 lið í 2. deild karla suður.
- Í 3. deild kvenna eru nú þegar komin um 15 lið. Kom fram hugmynd um að nota veturinn til að skipta deildinni upp í tvær deildir, hafa 3. deildina líkt og 2. deildin er nú og setja á laggirnar 4. deild kvenna.
- Bikarkeppnin – verður með sama sniði og undanfarin ár og verður kynnt þegar kominn er styrktaraðili á keppnina. Fleiri fyrirtæki hafa komið til greina sem styrktaraðilar keppna BLÍ og er það ánægjuefni. Jason og Stefán þreifa áfram á styrktaraðilum.
- Dómaranámskeið – Stjarnan og Siglfirðingar hafa óskað eftir námskeiði. Dómaranefndin sett í að halda sérdómaranámskeið fyrir Stjórnuna og verði í sambandi við Siglufjörð vegna námskeiðs.

Unglingalandsliðsmál

- Unglingalandsliðsmál rædd og fyrstu bréf til U19 hafa verið send út. Kynnt verð og annað í tengslum við ferðirnar til Falköping og Ikast.

Úrvinnsla og eftirstöðvar ársþings/útbreiðsla.

- Reglugerð kynnt um deildakeppni og Íslandsmót – orðalag í talningu leikja – Í talningu er nóg að leikmaður komi inná í leik. Það sem breyttist í ákvæðinu um sjö leikjahæstu var að ákvæðið gildi ekki um leikmenn yngriflokka.
- Útbreiðslusjóður og styrktarsjóði YFN. Hreggviður les yfir og skilar stjórn endanlegri útgáfu á reglugerðum í kringum sjóðina. Landsliðin eru aðeins í styrktarsjóði yngriflokka en ekki útbreiðslusjóði.
- Bréf frá Gunnu Stínu tekið fyrir og afgreitt: Bréfið var sent inn til stjórnar vegna fyrirhugaðra afreksbúða unglunga sem YFN BLÍ sér alfarið um. Stjórn er sammála um styrkhæfi málsins, Aðalheiður er sett í að svara bréfinu formlega.

Erlend samskipti

- Heimsping FIVB er í Róm á næstunni og Evrópuþingið er svo í október. Formaður BLÍ sækir þing FIVB og CEV en í tengslum við þau eru einnig fundir NEVZA og SCD.
- FIVB er með nýjan þróunarsjóð og ætlar BLÍ að sækja um úr þessum sjóði. Stefán er byrjaður að undirbúa umsókn.

Önnur mál

- Vinnumálastofnun býður starfskraft 2-3 tíma á dag í 6 vikur. Hreggviður mun athuga með að fá gefins tölvu til handa skrifstofu BLÍ til að starfskrafturinn geti unnið tölvuvinnu, t.d. við að afrita gamlar myndir og ársskýrslur.
- U19 og U17, punktur sem YFN kom inn á í fundargerð í febrúar þar sem áhyggjurnar komi fram þegar val í U19 og U17 fer fram að U17 sé ekki með sitt sterkasta lið. Unglinganefnd og stjórn þarf að virkja. Mögulega foreldra krakkanna sem eru í þessum liðum. Kom fram hugmynd um að yngriflokkanefnd ætti fulltrúa í landsliðsnefnd BLÍ – sem fer með öll landsliðsmál BLÍ.
- Mótamál 3. deild og 4. deild – Sævar fenginn til að semja bréf þess efnis að eftir fyrra mót skiptist upp í tvær deildir efri og neðri. Stefnan er sú að 3. deild kvenna verði 7 liða deild sem spilar fullorðins blakleiki. og 4. deildin fari í túrneringaform.

Næsti fundur áætlaður um miðjan september – boða fund fyrr á daginn, 16.00-16.30

Fundi slitið kl. 18.19.

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð